

3½ f. h. Frá 15. mars til loka þess mánaðar kl. 3 f. h. Frá 1. til 15. apríl að 8  
báðum dögum meðtöldum kl. 2. f. h. og frá 15. apríl til loka sama mánaðar eigi 20. febr.  
fyr en kl. 12 á miðnætti.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt samkvæmt lögum nr. 18, 14.  
des. 1877, um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, lögum nr.  
53, 10. nóv. 1905, lögum nr. 28, 11. júlí 1911 og lögum nr. 27, 22. okt. 1912,  
um viðauka við og breyting á fyrstnefndum lögum, er hjermeð staðfest til að öðlast  
gildi 1. apríl 1917 og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

**Í stjórnarráði Íslands, 20. febrúar 1917.**

**Sigurður Jónsson.**

Jón Hermannsson

## Reglugjörð

**um útflutningsbann á ýmsum vörum.**

Smkvæmt lögum 1. febrúar 1917, um heimild fyrir landsstjórnina til ýmsra  
ráðstafana útaf Norðurlálfuófriðnum, eru hjermeð sett eftirfarandi ákvæði.

1. gr.

Bannað er að flytja út úr landinu eða selja úr landinu allar aðfluttar  
naudsynjavörur, svo sem matvæli, veiðarfæri, salt, kol, steinolíu o. s. frv.

Ennfremur er bannað að flytja út úr landinu eða selja úr landinu smjör,  
sem framleitt er hjer á landi.

Þó er heimilt að birgja upp skip, sem sigla frá Íslandi, til næstu erlendra-  
ar hafnar, sem það ætlar að koma á.

9

1. mars

9

1. mars

2. gr.

Brot gegn fyrirmælum 1. gr. varða sektum frá 500 til 5000 kr., og auk þess skulu hinar afhentu vörur teknar aftur. Fer um mál útaf brotum þessum sem um almenn lögreglumál.

3. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi þegar í stað og fellur jafnframt úr gildi reglugjörð 6. ágúst 1914, um ráðstafanir til að tryggja landið gegn hættu, sem stafað geti af ófriði í Norðurálfu, samkvæmt lögum 1. ágúst 1914.

Þetta birtist öllum þeim til eftirbreytni sem hlut eiga að máli.

**Í stjórnarráði Íslands, 1. mars 1917.**

**Sigurður Jónsson.**

---

Jón Hermannsson.

10

22. mars Jónassonar«, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra Íslands 22. mars 1917.

Skipulagsskráin er þannig:

## **Skipulagsskrá**

**„Minningarsjóðs Halldórs Jónassonar.“**

1. gr.

Sjóðurinn heitir »Minningarsjóður Halldórs Jónassonar«. Stofnfje hans er kr. 800.00.